

Breytingatillaga stjórnar vegna aðalfundar 16. mars 2016.

Dagskrárliður 3. - Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.

Breytingartillaga: Í samræmi við ákvörðun stjórnarfundar 10. mars 2016 leggur stjórn til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur hagnaði ársins 2015. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er því um 2.067 milljónir króna sem jafngildir kr. 0,90 á hlut.

Greinargerð stjórnar: Stjórn VÍS sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfar umræðu, þar sem bent var á að hluthafar félagsins hefðu til þess möguleika á aðalfundi að bera fram tillögu um lægri arð en stjórn lagði til. Það er hið eðlilega hluthafalýðræði.

Núverandi stjórn VÍS tók við í nóvember síðastliðnum. Fyrir stjórn lágu markmið um fjármagnsskipan félagsins þar sem leitast er við að hámarka arðsemi þeirra hátt í þúsund hluthafa félagsins og tryggja að félagið stæði sterkt að vígi. Arðgreiðslutillögur stjórnar VÍS voru vel innan þess ramma, enda er félagið sterkt fjárhagslega. Sú stefna sem stjórn vann eftir hefur legið fyrir frá ágúst 2015 og margoft komið fram í kynningarefni félagsins.

Viðskiptavinir og starfsmenn VÍS skipta félagið miklu. Stjórnin getur ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að fylgi hún núverandi arðgreiðslustefnu, þá geti það skaðað orðspor fyrirtækisins. Í því ljósi hefur stjórn ákveðið að leggja til aðgreiðsla sé miðuð við hagnað síðasta árs.

Stjórn VÍS telur mikilvægt að fram fari umræða innan félagsins, meðal hluthafa og út í samfélaginu um langtímastefnu varðandi ráðstöfun fjármuna sem ekki nýtast rekstri skráðra félaga á markaði.